

Mín reynsla af eiturflyfjum

Lesendur góðir!

Árið 1985 er ár æskunnar. Þeir sem hafa með málefni æskufólks að gera ætla að vera með ýmsar uppkomur á árinu og er ekkert nema gott um það að segja, en hvernig væri að unga fólkid sjálf tæki sig saman og hugleiddi á árinu hvernig komið er fyrir íslensku æskufólki í neyslu á fíkniefnum og hvað væri til úrbóta í þeim málum. Við hjá Geðhjálpi höfum fengið til okkar ungt fólk sem er illa farið eftir neyslu eiturflyfja, og tekur okkur sárara en orð fá lýst að sjá þetta efnilega unga fólk svona illa á sig komið. Við fengum því ungan mann til að segja frá reynslu sinni af eiturflyfjum, ef það gæti orðið öðrum til viðvörunar. Ég bið foreldra að gera sér grein fyrir því að þeir eru ábyrgir fyrir þeim börnum sem þeir ákveða að eignast, og að það þýði ekki lengur, eins og hefur tíðkast, að velta allri ábyrgð á börnum og unglingum yfir á skólana. Ísland er eitt fárra landa sem býður ungu fólki upp á margna möguleika.

Andra Þórðardóttir

Mín reynsla af eiturflyfjum

Ég er 15 ára og er að byrja á fyrsta ári í menntaskóla úti á landi. Ég hef í nesti hjartar vonir og sósíalíska hugsjón. Fyrsta reynsla mín af kannabísefnum var þetta haust. Ég var byrjaður að neyta áfengis. Ég reyndi fyrst eiturflyf þegar rokkhljómsveit kemur á staðinn og heldur tónleika. Ég kem mér í kynni við meðlimi hljómsveitarinnar og það er farið í party. Þar dregur söngvarinn upp pípu og gras, og ég fæ mér að reykja. Ég varð fyrir vonbrigðum því ég fann engin áhrif, ég bjóst við svo miklu. Ég reyki af og til fram að jólum, en í jólafrinu kaupir ég í fyrsta sinn sjálfur hass. Það er ekki fyrr en um vorið að ég fer að verða fyrir áhrifum af neyslunni, mér finnst að ég sé skakkur. Að vera skakkur er skritið ástand. Mér finnst það leiðinlegt núna og lítið eftirsóknarvert. En þarna um vorið fannst mér það gott. Ég reyndi að leysa lífagátuna og tókst það æmílega að mér fannst. Mér fannst lífið vera hringur og að hringurinn væri samsettur úr öllum mögulegum tegundum af byljum.

Um sumarið vann ég við vegamælingar. Ég hafði gott kaup og flaug suður um helgar til að sukka. Um haustið byrjaði ég mitt annað ár í skólanum, og hafði með mér í nesti góðan slatta af hassi. Við reyktum oftast þrjú saman. Við hlógum, töluðum og hlustuðum á tónlist. Oftast ruglaða tónlist. Ég átti eina góða plötu en eitt lagið á henni hafði mjög hraðan og ákveðinn takt. Þegar þetta lag kom á plötunni sagði vinkona mín að lagið væri bókstaflega of mikið álag á hjarta hennar. Seinnar var ég að hlusta á þetta lag, allt í einu var ég gripinn svakalegrí hraðeolu um að einhver myndi stilla plötu-

spílarann á 45 snúninga. Ég trúði því að ef takturinn yrði hraðari þá myndi ég deyja, svona var ég ruglaður. Hraðeola og ofsóknaræði er fylgífiskur neyslu kannabísefna. Vinur minn gekk með byssusting á sér í heilan vetur af hraðeolu við að ráðist yrði á hann.

Annað árið mitt í menntaskóla er á enda, komið er vor og ég byrjaður að vinna en þetta sumar reyki ég á hverju kvöldi. Um haustið ákveð ég að fara til Kanada. Fyrstu tvo mánuðina í Kanada reykti ég hvorki hass né drakk, eða þar til ég hitti strák á bjórkrá sem ég bauð heim til mín. Við bjuggum okkur til pípu úr klósettröllu og reyktum saman. Ég var hálft ár í Kanada, var hamingjusamur en einmanni. Þegar ég kem heim aftur heldur sama vitleysan áfram, ég bý hjá frændfólki mínu og enginn virðist taka eftir því að ég er undir áhrifum eiturflyfja hvert kvöld. Vinir mínir eru farnir að tala um kókaín og ég byrja að sniffa (sem þýðir að söga kókaínið upp í nefið), áhrifin voru þau að ég varð ofboðslega ör í eins og hálf-tíma. Ég byrja aftur í skólanum og gengur bara vel, enda hef ég alltaf átt gott með að læra, en nú fer að síga á ógæfuhliðina.

Það var í apríl 1983 að ég er staddur í heimsókn hjá vini mínu. Mágur hans er nýkominn úr siglingu og nóg er til af bjór. Ég reyki hass með hjórnun og reyndar drakk ég líka léttvin. Allt í einu fer mér að líða undarlega. Ég dreg mig út úr hópnum. Sest í stól úti í horni. Stofan fer að snúast í hring, ég ákveð að leggja út af en það

var miklu verri. Sængin í róminu sem ég lá í ummyndaðist í hvíta fugla. Fuglarnir voru grimmilegir á svip og höfðu stingandi augu. Á suma vantaði fiðrið og sást í kjótt og bein. Ég sá líka veru, veran hafði stórt andlit, sem verður alltaf af sterra og sterra þangað til ég kasta upp. Eftir þetta fer að bera á því að ég á erftit með að sofa og standum missti ég nótt og nótt úr þar sem ég svaf ekki neitt. Viðbrögð mín við svefnleysinu voru í byrjun reiði. Ég sagði vinum mínum frá þessu en þeir trúðu mér ekki í fyrstu, en svo kom að því að þeir trúðu mér, með að eitthvað væri að. Og þá kom að því að leið mín lá eins og svo margra annarra eiturflyfjaneytenda, inn á geðsjúkráhus.

Víst mín á geðsjúkráhusi verður mér ekki mikil áminning. Ég er úrskurðaður með geðrofskast. Þennan mánuð sem ég er á deildinni líður mér óeðlilega vel og fæ mikil sjálflægni- og mikilmennskuköst. Ég er skipstjóri á þjóðarskítunni, forsetaefni demókrata í Bandaríkjunum, David Bowie, frægur listmálari, Búddha og ýmislegt fleira. Ég segi hverjum sem heyrja vill, þar á meðal læknum og félagsráðgjöfum, að ég sé forfallinn hassisti en hafi engin plön um að hætta.

Ég fer af spítalanum, flýg til New York og þaðan til Kanada, held áfram að sukka, en nú er ég farnir að þjáast af þunglyndi. Hassið er farið að hafa hundleiðinleg áhrif á mig. Það gerir mig sjfjandan og snarruglaðan. Þegar maður er að byrja í hassinu tekur

maður hlutunum létt og kann að hlæja. Það sem seinnar meir þróast upp í ranghugmyndir er aðeins leikur að hugsunum. Það getur verið mjög þjáningarfyllt að vera svo á valdi sinna eigin drauma og hugsana að maður trúir þeim gjörsamlega. Maður lifir í heimi sem er slittinn úr tengslum við raunveruleikann.

Þetta er einmitt það sem kemur fyrir mig. Um helgar er ég farnir að gleypa pillur, þessar pillur kalla félagarinn yellow beauty (gula fegurð) og efnid í þeim er sýra. Í desember 1983 fer ég til geðlæknis í Kanada. Ég kvarta undan þunglyndi. Læknirinn skrifar upp á pillur gegn þunglyndi. Þetta lyf heitir Anafranil og átti að hafa þrjúþetta verkun. Mik-ið undralyf. Lyfið átti að koma í veg fyrir svefnleysi og auka matarlyst og hjálpa manni að finna tilgang í lífinu. Þetta voru beinar verkanir en svo komu aukaverkanirnar og milliverkanirnar. Þegar ég fór að lesa um þetta lyf seinnar komst ég að því að í nokkrum tilfellum fóru sjúklingar í geðrof samfara notkun þess. Ég átti víðtal við lækninn viku síðar, en á þessari viku hafði ég steinhætt að sofa og misst svo til alla matarlyst. En ég fékk bullandi ranghugmyndir og tókst auðveldlega að finna allskonar tilgang með lífinu. Þegar ég kem sér læknirinn að það verður að leggja mig strax inn á geðdeild, svo hann segir: „Þú getur komið inn á deildina af fúsum og frjálsum vilja, og þá verður líka auðveldara fyrir þig að komast út aftur, en ef þú vilt það ekki þá er ég hræddur um að það verði að taka þig með valdi.“ Ég ákvað að fara inn af fúsum og frjálsum vilja.

Ég er á deildinni í sex mánuði. Læknirinn byrjar á að setja mig á stóra skammta af róandi lyfjum og geðlyfjum sem eiga að vinna á móti áhrifum lyfjanna sem ég tók vikuna áður en ég var lagður inn. Þessi lyf eru til að ná mér niður og beinlínis gera mig maníakt þunglyndan. Ég missi alveg af jólunum. Þó held ég að ég hafi verið settur í einangrun eitthvað um svipað leyti. Ég fæ ofboðslegar aukaverkanir af öllum pillunum og sprautunum. Það var ekki fyrr en þeir sprautuðu mig með kódeini að ég róaðist og gat sofð smávegis. En þá ákveður læknirinn að snögghætta allri lyfjagjöf. Í staðinn fyrir aukaverkanirnar fæ ég hryllileg fráhrarfseinkenni. Ég get í raun ekki lýst því hvernig mér leið því ég var í annarri veröld. Eitt er þó vist. Mér leið ekki vel.

Síðan 1983 hef ég ekki notað eiturflyf. Hægt er að fara ver út úr neyslu eiturflyfja en ég fór, margir þurfa að vera á pillum og sprautum ávilant og verða krónískt geðveikir, sumir vistast á stofnum til dauðadags og svo eru það þeir sem deyja.



Nýlega héldu þessar ungu stúlkur hlutaveltu. Ágóbann af hlutaveltunni, sem var 400 krónur, gáfu þær síðan Styrktarfélagi vangefina. Stúlkurnar heita Dagný Hrund Arnadóttir og Signý HÍH Arnadóttir.

Ég hef farið fljótt yfir sögu mína, en ég vona að hún geti orðið aðvörun til einhverra sem halda að það sé eitthvað spennandi við

að verða eiturflyfjaneytandi. Ég segi bara byrjið aldrei, þá þurfið þið aldrei að ganga í gegnum það helviti sem ég gekk í gegnum.